



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 16. apríl 2012

Breytingar á reglugerðum KSÍ

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 12. apríl breytingar á reglugerðum KSÍ vegna fjölda varamanna í 2. deild karla.

Breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Núgildandi ákvæði 9.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

9.2. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu. Í Pepsi-deild, 1. deild karla, bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og meistarakeppni KSÍ, mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu. Ef leikskýrsla er gerð á eyðublaði útgefnu af KSÍ, skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna á leikskýrsluna.

Nýtt ákvæði 9.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

9.2. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu. Í Pepsi-deild, 1. deild karla, **2. deild karla**, bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og meistarakeppni KSÍ, mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu. Ef leikskýrsla er gerð á eyðublaði útgefnu af KSÍ, skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna á leikskýrsluna

Breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

Núgildandi ákvæði 10.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

10.3 Flokkar D og E: Gerð er krafa um varamannaskýli í leikjum meistaraflokks en ekki annars. Varamannaskýli fyrir hvort lið skulu rúma a.m.k. 10 manns.

Nýtt ákvæði 10.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga

10.3 Flokkar D og E: Gerð er krafa um varamannaskýli í leikjum meistaraflokks en ekki annars. Varamannaskýli fyrir hvort lið skulu rúma a.m.k. 10 manns, **en þó skulu varamannaskýli í 2.deild karla rúma 14 manns**

Báðar breytingar taka þegar gildi en félögum í 2. deild er gefinn frestur til upphaf keppnistímabils 2013 til þess að uppfylla ákvæði 10.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Breytingarnar þýða að nú er félögum í 2. deild karla heimilt að hafa 7 varamenn og 7 menn í liðsstjórn.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.
Bestu kveðjur



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ